

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1836  
komudagur 29.3.2011

139. löggjafarþing 2010–2011.

Þskj. 328 — 285. mál.

Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að koma upp íslenskri handverksdeild í Listaháskóla Íslands.

### Umsögn frá Stjórn Félags Trérennismiða á Íslandi, 28 mars 2011

Stjórn Félags Trérennismiða á Íslandi tekur undir að þörf er á að koma upp íslenskri handverksdeild í Listaháskóla Íslands.

Jafnframt bendir stjórn Félag Trérennismiða á Íslandi á að innan þess félags sé umtalsverð þekking á viðartegundum, viðarúrvinnslu og hvers konar trjávið sé hægt að rækta hér á landi með tilliti til handverks og smíða á gæða- eða listmunum úr íslenskum viði.

Trérennismiðir á Íslandi hafa um árabil unnið bæði að gerð hagnýtra hluta úr viði svo og trélistmuna. Áratugareynsla og þekking á íslensku handverki og smíðum á hefðbundnum nytjahlutum og trélistarmunum er mjög mikil meðal félaganna.

Stjórnin lýsir yfir f.h. Félags Trérennismiða áhuga og vilja að koma að skipulagningu og uppbyggingu handverksdeildar í Listaháskóla Íslands með einum eða öðrum hætti.

Virðingarfyllst.

Stjórn Félags Trérennismiða á Íslandi:

Valdór Bóasson

Jón Guðmundsson

Guðmundur Hanning

Antónía Sveinsdóttir

Úlfar Sveinbjörnsson